

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 214 28. júlí 1972, um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík og ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

1. málsgrein 1. greinar reglugerðarinnar orðist þannig:

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga í Reykjavík skal, á meðan bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar, hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps og hreppsnefnd Mosfellshrepps, ekki leyfa fólksbifreiðastöðvar, hver í sínu lögsagnarumdæmi, fyrir aðrar bifreiðar en frá bifreiðastöðvum í Reykjavík, miðuð við íbúatölu í lögsagnarumdæmum Reykjavíkurborgar, Kópavogskaupstaðar, Seltjarnarneshrepps og Mosfellshrepps, þannig að ein bifreið komi á hverja 140 íbúa, sem þar eiga lögheimili samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

2. gr.

6. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Bifreiðarstjóri, sem óskar að fá atvinnuleyfi, sem leigubifreiðarstjóri, skal sækja um það á þar til gerðum eyðublöðum, til samgönguráðuneytisins. Umsókninni skal fylgja vottorð frá bifreiðastöð í Reykjavík, um að umsækjandi geti fengið þar afgreiðslu.

Atvinnuleyfi skulu gefin út af þremur mönnum, sem hér eftir eru nefndir úthlutunarmenn í reglugerð þessari.

Skal einn þeirra tilnefndur af stjórn Bifreiðastjórafélagsins Frami, einn af stjórn Bifreiðastjórufélagsins Sleipnis, en formanninn skipar ráðherra án tilnefningar, og skulu atvinnuleyfi og tilkynningar um atvinnuleyfi undirrituð af honum og úthlutunarmönnum bifreiðarstjóra. Tilnefningin er til þriggja ára í senn.

Úthlutunarmenn skulu líta eftir, að ákvæðum laga um leigubifreiðar og reglugerðar þessarar sé fylgt. Verði ágreiningur á milli úthlutunarmanna, sker samgönguráðuneytið úr.

Við úthlutun atvinnuleyfa skal starfsaldur bifreiðastjóra við akstur leigubifreiða til mannflutninga jafnan lagður til grundvallar, þannig, að sá sem hefur lengstan starfsaldur sem bifreiðarstjóri til mannflutninga, hvar sem er á landinu, gengur fyrir, nema sérstakar ástæður mæli því í gegn, enda verði hann, ef hann fær atvinnuleyfi, búsettur í Reykjavík, Kópavogskaupstað, Seltjarnarneshreppi eða Mosfellshreppi.

Bifreiðarstjórar, sem hafa haft atvinnuleyfi, en sagt því upp sbr. 1. mgr., hafa forgangsrétt til atvinnuleyfis í næstu tvö ár eftir uppsögn, og fer röð þeirra innbyrðis eftir starfsaldri.

Starfstími bifreiðarstjóra við akstur sérleyfisbifreiða til mannflutninga telst við aldursflokkun jafngildur akstri smærri bifreiða, enda uppfylli umsækjandi skilyrði 3. gr. reglugerðar þessarar.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar, nr. 36 9. nóv. 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 17. nóvember 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.